



Langtímaleiga

Hertz

Reglur um not og slit ökutækja

Viðmið varðandi not og slit á ökutækjum í leigu frá **Hertz**

Hér eru tilgreind þau viðmið sem notuð eru við mat á því sem telst eðlilegt og ekki eðlilegt þegar kemur að ástandi ökutækja þegar þeim er skilað að leigutíma loknum.

Mat er ávallt háð aldri ökutækja og akstursnotkun í samræmi við samninga.

Við mat á ástandi er ávallt reynt að meta ástand ökutækja með sanngjörnum hætti og leitast við að lagfæra hluti frekar en að endurnýja þá.

Ástandsskoðun ökutækja við lok samningstíma fer fram hjá aðila sem **Hertz** útnefnir. Ökutæki fara í gegnum staðlaða ástandsskoðun og heildarástand ökutækis metið. Við ástandsskoðun er gert matsyfirlit þar sem tilgreindar eru niðurstöður s.s. tjón, gallar og það sem vantar miðað við upprunalega lýsingu á ökutæki.

Í öllum tilvikum telst ekki í lagi ef hluti vantar sem sannarlega fylgdu ökutæki við upphaf samningstíma s.s. allir lyklar, mottur og aðrir lausir eða losanlegir hlutir. Einnig telst það ekki í lagi ef gler, speglar eða annað er brotið eða sprungið.

Það sem **TELST Í LAGI** og **EKKI Í LAGI** við notkun og slit bíla hjá Hertz.

Gefin eru dæmi um mat á notkun og sliti bíla og þau útskýrð með myndum sem sýna hvað telst vera eðlilegt og hvaða atriði teljast ekki vera í lagi. Reglurnar um mat bíla að loknum samningstíma eru unnar í samráði við fagaðila og tilgangur þeirra er að viðskiptavinir Hertz hafi skýra mynd af því hvað teljist vera eðlilegt ástand bíla við lok samningstíma. Viðskiptavinum Hertz sem leigja bíla ber skylda til að kynna sér þessar reglur og tryggja að allir notendur bílanna þekki þær.

Þegar matsaðili hefur lokið við mat á bíl afhendir hann leigutaka matsyfirlit þar sem fram koma allar skemmdir og tjón sem ekki falla undir það sem talist getur eðlilegt slit á samningstíma. Á matsyfirlitinu er farið yfir hvaða atriði er nauðsynlegt að lagfæra og áætlaður heildarkostnaður við lagfæringar tekinn fram.

Allir hlutir sem fylgdu bíl við upphaf samnings, eiga að fylgja við skil á honum.

Helstu atriði eru t.d:

Allir lyklar	Farangursgrind
Þjónustu- og smurbók	Varadekk
Mottur	Verkfæri og tjakkur til hjólbarðaskipta
Farangurshlíf (gardína í skotti)	Öryggisbúnaður sem fylgdi með s.s. þríhyrningur, sjúkrakassi eða vesti
	Ef vetrarhjólbarðar eru hluti af viðkomandi leigusamningi þurfa þeir að fylgja með ásamt boltum. Sama á við um sumarhjólbarða, ef skil á bifreið á sér stað að vetri til.

Eftirfarandi reglur á næstu síðum gilda við skil á bílum úr leigu hjá **Hertz**.

Lakk

Í LAGI

Fá og lítil svæði þar sem steinkast hefur rispað lakkið, lítið er til aldurs og akstursnotkunar í þessu samhengi.



Hér er lítið svæði þar sem hoggið er upp úr lakkinu. Hér er mögulegt að koma í veg fyrir frekari skemmdir með því að mála í lakkið áður en ryð byrjar að myndast. Þetta telst í lagi ef hægt er að grípa inn í tímanlega með notkun rétttra efna við lagfæringu.



Grunnar rispur og skemmdir sem hægt er að lagfæra með mössun eða bóni.



Lakkaðir stuðarar með grunnum rispum sem hafa ekki farið í gegnum lakkið.



EKKI Í LAGI

Rispur eða skemmdir sem ná í gegnum lakkið eru ekki í lagi. Ryðskemmdir eru ekki í lagi. Steinkast má ekki að hafa hoggið úr lakkinu.



Óeðlilega mikið magn steinhögga í lakkinu. Höggin hafa farið í gegnum lakkið og/eða ryð byrjað að myndast. Hér er þó lítið til aldurs ökutækis og fjölda ekinna kílómetra.



Högg, dældir, beyglur og rispur með skemmdum á lakki og eru byrjuð að sýna merki um skemmdir.



Brotið eða sprungið grill eða merki telst ekki í lagi.



Lakk

Í LAGI

Stuðrarar sem ekki eru lakkaðir með grunnar rispur teljast í lagi, einnig litlar dældir allt að 20 mm í þvermál.



Rispor á hliðarspeglum, ekki stærri en 50 mm, á ómáluðum speglum. Á lökkuðum speglum má rispan ekki hafa náð niður í ál eða grunnnefni spegilsins. Spegillinn þarf að vera að öllu leyti óbrotinn og hæfur til notkunar.



Nauðsynlegt er að ljós og annar búnaður sem festur hefur verið á ökutækið sé að öllu leyti hæfur til notkunar. Eins ef slíkur búnaður hefur verið fjarlægður í lok leigutíma, að gengið hafi verið frá eftir festingar þannig að ekki sjái á.




EKKI Í LAGI

Stórar rispur, dældir eða skemmdir sem ná yfir 20 mm í þvermál.



Umtalsvert tjón á speglum þar sem rispur eru það miklar að þær ná niður í gegnum lakk.



Miklar skemmdir á spegli og hann skakkur. Einnig þarf ljósbúnaður sem festur hefur verið á ökutækið að vera á sínum stað og án skemmda.



Framhluti / stuðarar

Í LAGI

Í mesta lagi tvær litlar skemmdir á stuðara.



Smávægileg litabreyting á stuðara, svo sem eins og eftir veðrun.



EKKI Í LAGI

Áberandi mikla rispur á stuðara. Skemmd má ekki ná í gegnum lakkið.



Rispur sem ná yfir stóran hluta og valda skemmdum á grunnefni stuðara.



Gler og ljósabúnaðar

Í LAGI

Högg vegna steinkasts eða rispur í gleri (ekki stærri en 10 mm), svo lengi sem það truflar eða hindrar ekki ökumann við akstur.




Högg eftir steinkast eða annað í ljósabúnað ökutækis eða rispur sem ekki hamla notkun búnaðarins.



EKKI Í LAGI

Sprungu eða brot í ljósabúnaði sem hindrar eðlilega virkni búnaðarins. Ljósaperur þurfa að vera heilar og í lagi. Ennfremur er brot eða sprunga í rúðu ökutækis (stærri en 10 mm) ekki í lagi.



Högg í ljósabúnað sem hefur valdið sprungu og broti í gleri, óháð stærð brots.



Hjólabúnaður og felgur

Í LAGI

Mynstursdýpt á dekkjum sé í samræmi við kílómetrastöðu og dekk séu jafnslitin undir bílnum.



Smáar rispur eða hnoð á felgum.



Grunnar rispur á felgum, svo lengi sem beygla hefur ekki myndast á felgunni.




Felguboltar án alls ryðs og annarra skemmda.



EKKI Í LAGI

Dekkjaskemmdir vegna slæmrar meðferðar. Ójafnt slit dekkja er ekki í lagi.



Sprungur, bólgur eða skurðir á dekkjum eða aðrar skemmdir á hlið þeirra.



Sprungin dekk vegna þess að þeim hefur verið ekið utan í eða á hlut og hefur bein áhrif á öryggi ökutækisins.



Beyglaðar eða brotnar felgur eða sprungur á felgum.

Miklar rispur og brot í felgum.



Innra rými, loft og sæti

Í LAGI

Eðlilegt slit á sætum, eins og við það að fara inn og út úr ökutæki.



Skyggni sem umgangur sést á, þ.e. það sem teljast má eðlileg notkun.



Smávægilegar litabreytingar sem eðlilegar mega teljast miðað við daglega notkun ökutækis.



EKKI Í LAGI

Umtalsvert slit og óhreinindi sem ekki er hægt að þrifa með góðu móti.

Rifin bólstrun eða göt.



Mjög skítugt loft í ökutæki sem ekki er hægt að þrifa með hefðbundnum þrifum. Rispur, rákir, rifur, beyglur eða skurðir í efni eru ekki í lagi.



Leigutaka er óheimilt að reykja í ökutækinu. Á það einnig við um rafrettur.



Mælaborð, stýri, teppi og mottur

Í LAGI

Það sem teljast má
eðlilegt slit á teppi og
mottum.



Notkun sést á stýri
ökutækis, en einungis
þannig að eðlilegt geti
talist m.v. notkun.



EKKI Í LAGI

Rifur eða göt í teppi eða
mottum.



Skemmdir á innra rými
ökutækis sem ekki
telst hluti af eðlilegri
umgengni um ökutæki.
Svo sem brot eða
skemmdir á hlífum.

